

## Íslandsmót í frisbígolfi 2015

4–6. september 2015

### Föstudagur 4. september

- Kl. 17.30 Mæting í Texas – Keppt í tveggja manna liðum
- Kl. 18.00 Íslandsmeistaramótið í Texas scramble – Klambratúnsvöllur

### Laugardagur 5. september

A– og B– flokkar:

- Kl. 09.00 Mæting A– og B–flokka í Gufunes
- Kl. 09.30 A– og B–flokkar. 18 holu hringur – Gufunesvöllur (bláir teigar)
- Kl. 09.30 Mæting í C–flokki í Fossvog
- Kl. 10.00 C–flokkur – Fossvogur (tveir hringir, 50% niðurskurður eftir fyrri hring)
- Kl. 10.00 Barnaflokkur – 18 holur. – Fossvogur
- Kl. 12.00 Hádegishlé Gufunesi (matur fyrir A– og B–flokk)
- Kl. 14.00 A– og B–flokkar. 18 holu hringur – Gufunesvöllur (sérteigar)
- Kl. 17.00 Leik lokið.

### Sunnudagur 6. september

- Kl. 09.00 A–, B– og kvennaflokkar.  
18 holur – Fossvogsvöllur. Niðurskurður eftir þennan hring.  
Efstu 50% í A–flokki fara áfram í úrslit. (lágmark 8 manns).  
Leik lokið í B–flokki.
- Kl. 12.00 Hádegishlé Fossvogur (matur fyrir A– B– og kvennaflokk)
- Kl. 14.00 A–flokkur. Undanúrslit. 9 holur – Laugardalur – hvítir teigar
- Kl. 14.00 Kvennaflokkur. Úrslit. 9 holur – Laugardalur – hvítir teigar
- Kl. 15.30 Úrslit í A–flokki. Efstu fimm spila 9 holur – sérvaldir teigar  
Laugardalur. Sjötti maður kemur inn ef munar þremur eða minna frá  
þriðja sæti (endanleg ákvörðun mótsstjóra)
- Kl. 17.00 Verðlaunaafhending – móti lokið

## **Mótshaldari er ÍFS**

Mótsstjóri er Bjarni Baldvinsson

Framkvæmdaraðilar eru Kristinn Arnar Svavarsson og Birgir Ómarsson

Formaður dómnefndar er Haukur Árnason (skipuð verður 3 manna dómnefnd)

## **Hverjir geta tekið þátt?**

Allir geta tekið þátt óháð kyni og aldri. Nafnbótin "Íslandsmeistari" fær eingöngu sá sem hefur íslenskan ríkisborgararétt. Öllum er heimilt að keppa í A- og B- flokki, óháð kyni og aldri.

## **Skilgreining á flokkum:**

### **A- og B- flokkur**

Báðir flokkar spila af sömu teigum og ákveða keppendur sjálfir í hvorn flokkinn þeir skrá sig. Eingöngu A flokkur spilar undanúrslit/úrslit á sunnudag. Sigurvegari A- flokks fær nafnbótina Íslandsmeistari í Frisbígolfi 2015.

Flokkur B spilar ekki undanúrslit heldur klárar keppni um hádegi á sunnudag. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í B flokk.

Keppnisgjald í A- og B-flokk er 3.000 kr. fyrir félagi ÍFS, 5.000 kr. fyrir aðra. Innifalið er pizza og drykkur í hádegi á laugardegi og sunnudegi.

### **C- flokkur**

Þessi flokkur eru ætlaður þeim sem eru að keppa á sínu fyrsta Íslandsmóti og eru stíga fyrstu skref í keppni þetta sumar og telja sig ekki eiga erindi í A eða B flokk. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í C-flokk.

Í byrjendaflokki verður fyrirkomulagið þannig að allir spila einn hring og efstu menn spila síðan til úrslita seinni hring, hinir hafa lokið keppni.

Þetta niðurskurðarfyrirkomulag gerir ráð fyrir því að helmingur af byrjendaflokknum komist áfram og spili seinni hringinn.

Aukaverðlaun (folfdiskar) verða veitt í byrjendaflokknum en dregið verður úr öllum skráðum þátttakendum í byrjendaflokki.

Keppnisgjald í C-flokk er 1.500 kr. fyrir félagi ÍFS, 2.500 kr. fyrir aðra.

### **Kvennaflokkur**

Þessi flokkur er ætlaður öllum konum og sigurvegari fær titilinn Íslandsmeistari kvenna 2015. Veitt eru verðlaun fyrir efstu þrjú sætin.

Keppnisgjald í kvennaflokk er 2.000 kr. fyrir félagi ÍFS, 3.000 kr. fyrir aðra. Innifalið er pizza og drykkur í hádegi á sunnudegi.

### **Barnaflokkur**

Þessi flokkur er fyrir 14 ára og yngri, stelpur og stráka. Sigurvegari fær titilinn Íslandsmeistari barna 2015. Veitt eru verðlaun fyrir efstu þrjú sætin.

Keppnisgjald í barnaflokki er ekkert.

### **Texas scramble – tveggja manna lið**

Báðir aðilar kasta og geta valið betra kast. Keppnisgjald er 1.500 kr. á lið.